




# FRÉTTABRÉF

## FRÁ SVEITARSTJÓRN

### SVEITARSTJÓRNARFUNDIR

Frá upphafi kjörtímabils hafa farið fram sex fundir sveitarstjórnar. Ýmis mál hafa verið tekin fyrir ásamt fundargerðum nefnda og afgreiðslumálum frá þeim. Á fyrsta fundi sveitarstjórnar fór fram kjör oddvita, varaoddvita, ritara og vararitara. Kjör í fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að. Ráðning sveitarstjóra fór einnig fram á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar þar sem Linda Björk Pálsdóttir var endurráðin. Andrea Ýr Arnarsdóttir var kjörin oddviti sveitarstjórnar og Helga Harðardóttir varaoddviti, Helgi Pétur Ottesen ritari sveitarstjórnar og Elín Ósk Gunnarsdóttir vararitari. Lögboðnir fundir sveitarstjórnar eru 2. og 4. miðvikudag hvers mánaðar nema annað sé samþykkt.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar fyrir sumarfrí, fundi númer 356, var sveitarstjóra falið að ganga frá tímabundinni ráðningu félagsmálastjóra vegna fæðingarorlofs núverandi starfsmanns. Á fundi sveitarstjórnar númer 357 var samþykkt að fela verkefnastjóra framkvæmda og eigna að ganga frá verkamningi vegna útivistarsvæðis í Melahverfi. Tilboðsfjárhæð verkamnings er 98.886.600 kr með vsk. Samningurinn var undirritaður þann 1. september og eru framkvæmdir hafnar. Á sveitarstjórnarfundum 357 var einnig samþykkt að fela verkefnastjóra framkvæmda og eigna að ganga frá verkamningi vegna áframhaldandi gerð göngustígs frá Melahverfi að Eiðisvatni og 2. og 3. áfanga varmadælna verkefnis í Hvalfjarðarsveit.



Útivistarsvæðið í Melahverfi



Sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra.

Talið frá hægri: Helgi Pétur Ottesen, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Andrea Ýr Arnarsdóttir, Linda Björk Pálsdóttir, Helga Harðardóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Inga María Sigurðardóttir og Ómar Örn Kristófersson.

Á sveitarstjórnarfundum 358 fór fram undirritun á siðareglum og málefnsamningi sveitarstjórnar, sem má finna í vefútgáfu [hér](#) og á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.

Á sama fundi var fjallskilaseðill Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2022 samþykktur samhljóða og má finna upplýsingar um göngur og réttir í Hvalfjarðarsveit [hér](#).

Sveitarstjórn samþykkti einnig samhljóða, á 358. sveitarstjórnarfundum, tillögu að umsögn, frá Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd, er varðar matsáætlun vegna vindorkugarðs í landi Brekku í Hvalfjarðarsveit. Hægt er að lesa umsögnina og aðrar bókanir í fundargerðum er varða málið [hér](#). Í kjölfarið á ofangreindum sveitarstjórnarfundum kom hópur íbúa, ásamt öðrum hagsmunaaðilum, og afhenti sveitarstjórn undirskriftalista gegn vindmylluframkvæmdum í landi Brekku. Undirskriftarlistinn sem inniheldur um 1500 undirskriftir er áskorun til sveitarstjórnar og Skipulagsstofnunar að koma í veg fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir við vindmyllugarð á Brekkukambi.

Í þessu fréttabréfi er ekki allra mála getið, sem tekin voru fyrir í sveitarstjórn og hvetjum við áhugasama að skoða fundargerðir og upptökur sem finna má [hér](#) og á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.



## FASTANEFNDIR

Allar fastanefndir hafa kosið formann og sett sér fastan fundartíma:

**Fræðslunefnd** fundar þriðja fimmtudag í hverjum mánuði.  
Formaður er *Dagný Hauksdóttir*  
dagny@hvalfjardarsveit.is

**Menningar og markaðsnefnd** fundar fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði.  
Formaður er *Birkir Snær Guðlaugsson*  
birkir@hvalfjardarsveit.is

**Fjölskyldu- og frístundanefnd** fundar fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði.  
Formaður er *Ásta Jóna Ásmundsdóttir*  
astajona@hvalfjardarsveit.is

**Mannvirkja- og framkvæmdanefnd** fundar fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði.  
Formaður er *Guðjón Jónasson*  
gudjon@hvalfjardarsveit.is

**Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd** fundar þriðja miðvikudag í mánuði.  
Formaður er *Sæmundur Vígundsson*

Starfið í fastanefndunum fer vel af stað og eru mörg spennandi og fjölbreytt verkefni í gangi. Öllum nefndarmönnum og sveitarstjórnarfulltrúum hefur staðið til boða að skrá sig í sveitarfélagaskólann á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sveitarfélagaskólinn er stafrænn vettvangur með námskeiðum fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga. Almenn ánægja virðist vera meðal þeirra sem hafa nýtt sér þennan möguleika.

## Á DÖFINNI Í HVALFJARÐARSVEIT

Nú hefur stór hluti af starfsemi sveitarfélagsins annað hvort farið af stað eftir sumarfrí eða er að fara af stað. Grunnskólinn og leikskólinn hafa tekið á móti sínu fólki, stórum sem smáum og er félagsstarf aldara, fyrir 60 ára og eldri, í Hvalfjarðarsveit að hefjast.

Göngur og réttir eru nú í fullum gangi og ýmsar framkvæmdir og viðhald í sveitarfélaginu, ýmist að klárast, hefjast eða í undirbúningi.

Sveitarstjórn vill óska öllum velfarnaðar í leik og starfi á haustmánuðum.



*Afhending undirskriftalista gegn vindmylluframkvæmdum í landi Brekku.*

## ANNAN

Á haustmánuðum hefur sveitarstjórn borið sig eftir ýmsum kynningum og fundum sem varða fjölbreytt málefni sem hafa komið, munu koma eða eru á borði sveitarstjórnar. Þar má nefna umhverfismál, framkvæmdir í sveitarfélaginu, þar á meðal nýtt íþróttahús ásamt upplýsingafundum t.d. varðandi fyrirhugaðan vindorkugarð í landi Brekku. Sveitarstjórn fékk einnig kynningu frá Þróunarfélagi Grundartanga og framundan er kynning frá Hitaveitufélagi Hvalfjarðar. Sveitarstjórn mun halda áfram að bera sig eftir kynningum og fundum við hlutaðeigandi aðila á kjörtímabilinu og verða við fundum/kynningum, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga er kveður á um að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

Sveitarstjórn vill vekja athygli á því að hægt er að bóka fund með oddvita í gegnum tölvupóstfangið [andrea@hvalfjardarsveit.is](mailto:andrea@hvalfjardarsveit.is) og með því að hafa samband við skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.

Í vinnslu er að setja inn ábendingarhnapp á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar þar sem íbúum, landeigendum, frístundahúsaeigendum og öðrum hagsmunaaðilum gefst kostur á að senda inn ábendingu til sveitarstjórnar eða sveitarfélagsins. Ábending getur varðað hvað sem er, þjónustu, úrbætur, hrós eða annað sem viðkomandi vill koma á framfæri. Með þessu móti verður hægt að skila inn ábendingu með auðveldum hætti án þess að senda inn formlegt erindi.

Við hlökkum til að heyra frá ykkur.

**Bestu kveðjur,**  
**sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar**